



Reykjavík, 4. nóvember 2024
VEL24100067

Borgarráð

Samþykkt velferðarráðs um íbúðakjarna á Háteigsvegi í þjónustuflokknum þroski II

Á fundi velferðarráðs þann 30. október 2024 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra um íbúðakjarna á Háteigsvegi í þjónustuflokknum þroski II:

Lagt er til að samþykkt verði opnun nýs íbúðarkjarna við Háteigsveg fyrir sjö einstaklinga í þjónustuflokki þroski II. Samkvæmt fimm ára áætlun 2025-2029 er gert ráð fyrir að árlegur rekstrarkostnaður verði 200 m.kr. með uppreiknuðum kjarabótum. Einnig er óskað eftir því að stofnkostnaður að fjárhæð 5 m.kr. verði fjármagnaður í takt við samþykktu uppbyggingaráætlun. Verið er að undirbúa opnun íbúðakjarnans sem mun formlega opna í desember 2024. Kostnaður við rekstur heimilisins rúmast ekki innan fjárheimilda velferðarsviðs og er óskað eftir rekstrarfé sem nemur einum mánuði á árinu 2024 eða 17 m.kr. auk stofnkostnaðar 5 m.kr., alls 22 m.kr. og 200 m.kr. á árinu 2025.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Tillagan er hér með send borgarráði.

Virðingarfyllst,

Rannveig Einarsdóttir
sviðsstjóri velferðarsviðs

Hjálagt:

Tillaga sviðsstjóra um íbúðakjarna á Háteigsvegi í þjónustuflokknum þroski II, ásamt fylgiskjali, lögð fram á fundi velferðarráðs 30. október 2024.



Reykjavík



Reykjavík, 28. október 2024

VEL24100067

TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: *Háteigsvegur íbúðarkjarni í þjónustuflokki þroski II*

Lagt er til að samþykkt verði opnun nýs íbúðarkjarna við Háteigsveg fyrir sjö einstaklinga í þjónustuflokki þroski II. Samkvæmt fimm ára áætlun 2025-2029 er gert ráð fyrir að árlegur rekstrarkostnaður verði 200 m.kr. með uppreiknuðum kjarabótum. Einnig er óskað eftir því að stofnkostnaður að fjárhæð 5 m.kr. verði fjármagnaður í takt við samþykktu uppbyggingaráætlun. Verið er að undirbúa opnun íbúðarkjarnans sem mun formlega opna í desember 2024. Kostnaður við rekstur heimilisins rúmast ekki innan fjárheimilda velferðarsviðs og er óskað eftir rekstrarfé sem nemur einum mánuði á árinu 2024 eða 17 m.kr. auk stofnkostnaðar 5 m.kr., alls 22 m.kr. og 200 m.kr. á árinu 2025.

Greinargerð:

Um er að ræða áframhald af því uppbyggingarátaki sem staðið hefur undanfarin ár og hluta af uppbyggingaráætlun sem samþykkt var árið 2017.

Íbúðakjarninn að Háteigsvegi er hluti af eldri uppbyggingaráætlun 2018 - 2030. Sú uppbyggingaráætlun var samþykkt árið 2017 í velferðarráði og borgarráði. Háteigsvegur er íbúðarkjarni með 7 íbúðum í þjónustuflokki þroski II. Íbúðakjarninn er tilbúinn og verið er að ráða starfsfólk en kjarninn tekur til starfa nú í desember 2024 er fyrstu íbúar flytja inn. Gert er ráð fyrir að stöðugildin verði 12 og ein næturvakt. Launakostnaður er áætlaður 180 m.kr. og annar rekstrarkostnaður þ.m.t. húsaleiga 20 m.kr.

Fylgiskjal:

Jafnréttisskimun, dags. 28. október 2024



Reykjavík

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskímunar:

Með jafnréttisskímun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskímunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	28.10.2024
Svið:	Velferðarsvið
Unnið af:	Kristín Pétursdóttir
Verkefni/tillaga:	Háteigsvegur íbúðarkjarni fyrir fatlað fólk
Þjónustubáttur:	Þjónusta við fatlað fólk
Stofnun/kostn.st.:	F4352
Fjárhæð:	22 m.kr. á árinu 2024 200 m.kr. á ári frá og með 2025
Annað:	

Jafnréttisskímun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?
Íbúðakjarninn að Háteigsvegi er hluti af uppbyggingaráætlun sem samþykkt var árið 2017 í velferðarráði og borgarráði. Um er að ræða íbúðarkjarna með 7 íbúðum í þjónustuflokki þroski II. Samkvæmt lögum ber Reykjavíkurborg að tryggja framboð af viðeigandi húsnæði til fatlaðs fólks. Með húsnæði fyrir fatlað fólk er átt við húsnæðisúrræði í skilningi reglugerðar um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk nr. 370/2016, sbr. 3. mgr. 9. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Þar er um að ræða íbúðarhúsnæði sem gert hefur verið aðgengilegt fyrir tiltekna notkun eða skilgreint sérstaklega fyrir tiltekinn hóp fatlaðs fólks.
Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.
Samþykkt tillögunnar sem slíkrar stuðlar að jöfnum rétti fatlaðs fólks til samræmis við ófatlað fólk. Auk þess jafnrétti meðal fatlaðs fólks um húsnæði, þjónustu og stuðning sem veittur er samkvæmt lögum.
Hvaða hópa snertir tillagan?
Tillagan snertir einstaklinga sem þurfa stuðning til að lifa sjálfstæðu lífi, stuðning við flestar athafnir daglegs lífs, utanumhald, skipulag um eigið líf út frá óskum og þörfum hvers og eins.
Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.
Fatlað fólk fær sömu tækifæri og annað fullorðið fólk til að lifa sjálfstæðu lífi með viðeigandi stuðning. Í september 2024 voru 72,4% umsækjenda karlar á biðlista eftir húsnæði fyrir fatlað fólk í þjónustuflokki þroski II og 27,6% konur.
Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹
Nei

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.